

Reifun úrskurðar nr. 13/2015 – Aðflutningsgjöld af pallhýsi

A flutti inn pallbifreið og pallhýsi og var hýsið fest á bílinn við innflutning. Tollstjóri tollafgreiddi vörurnar tvær sem eina heild, en kærandi var ósáttur við það fyrirkomulag, enda hafi sér reikningar fylgt hvorri vöru auk þess sem kærandi ætlaði sér einungis að leigja út pallhýsið yfir sumartímann og selja það svo.

Niðurstaða: Um er að ræða vöru sem samanstendur af tveimur þáttum, pallbifreið og pallhýsi. Í sitt hvoru lagi flokkast vörurnar í 8703 og 8707, en vara samsett úr þessum tveimur vörum flokkast hins vegar sem húsbíll í vörulið 8703. Vísaði Tollstjóri til tveggja þýskra úrskurða um samskonar vöru auk þess að vísa til úrskurðar Tollstjórans í Reykjavík nr. 26/2004 sem einnig varðaði samskonar vöru. Tollstjóri tók fram að ekki væri hægt að líta til áforma kæranda um að selja pallhýsið að loknu sumri við tollafgreiðslu þess. Varan hafi komið til landsins samsett á einu farmbréfi og myndað eina heild. Ekki var mögulegt að taka tillit til áætlana kæranda um að skipta vörunni upp eftir innflutning, heldur þurfti, eðli málsins samkvæmt, að flokka vöruna eins og henni var framvísað við innflutning, þ.e. sem einni vöru.